

20. apríl 2021

Landsvirkjun
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir Landsvirkjun, Fljótisdalsstöð, 701 Egilsstaðir

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir vatnsaflsvirkjun Fljótisdalsstöðvar, 701 Egilsstöðum barst 14. ágúst 2020. Umsækjandi er Landsvirkjun, kt. 420269-1299.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 22. mars 2021 og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 19. apríl 2021.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svanbjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamál fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til nefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.